


Fréttatilkynning!

Kæru lesendur og auglýsendur


Hlaupastelpan kemur út á fimmtudögum og auglýsingum þarf því að skila á þriðjudögum

fyrir kl. 15:00. 😊



ATH! Verð á auglýsingum

Verð hálsíðu er kr.2900.-m.vsk
Verð heilsíðu er kr.3990.- m.vsk



Aðalfundur Velferðasjóðs Þingeyinga var haldinn í Bjarnahúsi á Húsavík 12.maí síðastliðinn. Stjórn sjóðsins er þannig skipuð: Formaður er Örnólfur J. Ólafsson sóknarprestur á Skútustöðum, Sara Hólm frá Kvenfélagasambandi Suður-Þingeyinga og Hulda Aðalbjarnardóttir fjármálastjóri Framsýnar. Í úthlutunarnefnd sjóðsins eru: Dógg Káradóttir félagsmálastjóri Norðurþings, Guðlaug Gísladóttir fulltrúi Rauðakrossdeildar Húsavíkur og formaður úthlutunarnefndar er sr.Sighvatur Karlsson sóknarprestur á Húsavík.

Þórhildur Sigurðardóttir og Aðalsteinn Á. Baldursson létu af störfum fyrir sjóðinn og eru þeim þökkúð góð störf.

Framlög til sjóðsins árið 2013 voru 3.281.907 kr. og veittir styrkir voru 2.005.238 kr.

Tekjur umfram gjöld voru 1.244.317 kr.

Auk þess bærust sjóðnum matargjafir á árinu frá nokkrum fyrirtækjum og félagasamtökum og þökkum við innilega fyrir það.

Umsóknir árið 3013 voru nokkuð svipaðar í fjölda eins og árið 2012, en þó nokkuð færri og er það jákvætt.

Ég vil biðja fyrirtæki og stofnanir hér í Þingeyjarsýslu að ljá þessu „barni“ okkar lið. Sjóðurinn hefur engar aðrar tekjur en þær sem velunnarar sjóðsins ljá honum. Allt starf við sjóðinn er unnið í sjálfböðavinnu og kauplaust.

Góður velunnari sjóðsins hefur gefið sjóðnum um milljón á ári síðustu á og hefur aldeilis munað um þá upphæð. Þessi velunnari sjóðsins er nú látinn og komið er að okkur að fylla það skarð sem óhjákvæmilega verður hvað varðar fjárhag sjóðsins í framtíðinni.

Það hefur stundum verið notað í sjónvarpssöfnunum undanfarin ár, að skora á fyrirtæki að gefa fé og vil ég í anda þess biðja fyrirtæki hér á svæðinu að skora á hvort annað að ljá sjóðnum lið með fjárgjöfum. Þetta þarf ekki að fara hátt. Menn geta hringt í hvern annan. Allt fé sem inn kemur rennur til samfélags okkar.

Þeir sem vilja leggja þessa góða máli lið, geta lagt inn á bankareikning sjóðsins í Sparisjóði S-Þing: 1110-05-402610 og kennitalan er 600410-0670

Aðstandendur sjóðsins þakka af alhug öllum þeim sem hafa lagt sjóðnum lið á undanförunum árum.

Fyrir hönd Velferðasjóðs Þingeyinga

sr.Örnólfur Jóhannes Ólafsson á Skútustöðum í Mývatnssveit



Fyrirhuguð söfnun á landbúnaðarplasti

Fyrirhugað er að safna landbúnaðarplasti í þinni sveit. **Nú fer plastið til endurvinnslu en ekki brennslu.** Mikilvæt er að plastið sé hreint og laust við aðskotahluti. Net og bönd tókum við með en verður að vera í sér pokum.

Alls ekki hafa net, spotta, hræ eða annað drasl í sambland. Þá verður plastið ekki tekið því ógerningur er að hreinsa samanklesst og pressað plast.

Vinsamlegast látið vita með góðum fyrirvara, helst tveggja daga ef þið viljið losna við plast til **Gámaþjónustu Norðurlands ehf**

S: 414 – 0200 eða netfang : nordurland@gamar.is

En eftirtaldir dagar verða í þessu :

24.júní : Fnjóskadalur / Ljósavatnsskarð að Goðafossi

25.Júní : Bárðardalur / Kinn / Reykjadalur

26.Júní : Aðaldalur / Reykjadalur

27. Júní : Mývatnssveit



Frá Stórutjarnaskóla

Leikskólakennara vantar að leikskóladeildinni Tjarnaskjólí í Stórutjarnaskóla.

Umsóknarfrestur er til 30. júní nk.

Nánari upplýsingar veitir skólastjóri í síma
464-3356 eða 895-6220



Sundlaug og grill kl. 11:00 - 22:00

Afgreiðslan opin til 24:00
Sundlaug - tjaldstæði – gisting
Veidileyfi í Langavatn og Kringluvatn
Fjölbreyttar veitingar
sími 464 3903
www.heidarbaer.is
Seljum Veidikortið og Útilegukortið

Markaðsdagur Fosshóli

Handverkskonur milli heiða gangast fyrir markaðsdegi á Fosshóli laugardaginn 12 júlí .

Tjald verður sunnan við búðina. Markaðurinn er öllum opinn félögum sem og einstaklingum.

Þátttökugjald 1000 kr. Skráning fyrir 5 júlí.

Sigrún s.4643274 .sigrun @[laugar.is](mailto:sigrun@laugar.is).

Margrét 4643605 .margretjonsd@gmail.com.



Leikjanámskeið fyrir krakka fædda 2006-2010

Leikjanámskeið Eflingar fyrir krakka fædda 2006, 2007, 2008, 2009 og 2010 verður haldið á Laugavelli vikuna 23. -27. júní nk. Umsjónarmaður verður Gabriela Birna Jónsdóttir.

Námskeiðið stendur yfir frá kl. 13-14 en verð fyrir hvert skipti er 500 kr. á barn og fer greiðslan fram í upphafi tímans.

Stefnt er á að enda námskeiðið á leikjum, sundferð og grilli með foreldrum síðasta daginn, föstudaginn 27. júní en mæting verður sem fyrr við vallahúsið kl. 13.

Annars hvetjum við þá foreldra sem geta að taka þátt í starfinu á vel-
linum þessa daga sem um ræðir og þá helst foreldra yngstu barnanna,
sem jafnan þurfa meiri athygli og aðstoð.

Hvetjum alla hressa krakka til að mæta og hafa gaman!

HÓTEL LAXÁ

*Opíð hús
Má bjóða
þér i heimsókn?*

Við erum að opna nýtt og glæsilegt 80 herbergja hótél í náttúrufegurð Mývatnssveitar.

Í tilefni af því verður opíð hús laugardaginn 21. júní, frá klukkan 14-17. Við tökum vel á móti þér með kaffi og meðlæti í fallegu umhverfi.

Hlökkum til að sjá þig.
Starfsfólk Hótels Laxár

Hótél Laxá | +354 464 1900 | hotellaxa@hotellaxa.is | hotellaxa.is

Hótél Laxá blasir við uppi á Örnboagaís í landi Arnarvatns.



Kaffihlaðborð, myndlist og Hundur í óskilum í Kiðagili

Fyrsta kaffihlaðborð sumarsins verður sunnudaginn 22. júní milli klukkan 14:00 og 17:00. Næstu vikurnar mun standa yfir myndlistarsýning Sighvats Karlssonar.

Þriðjudagskvöldið 24. júní verða svo tónleikar með Hundi í óskilum og munu hefjast klukkan 20:30.

Allir velkomnir
Starfsfólk Kiðagils

Frjálsíþróttæfingar H.S.Þ.



fyrir 9 ára og yngri hefjast n.k. fimmtudag 19 júní kl. 18:00-19:00 og veðar á Laugavelli. Þær verða framvegis á fimmtudögum í sumar ef þátttaka verður næg. Þjálfari verður Bjargey Ingólfssdóttir

Frjálsíþróttæfingar fyrir eldri eru á Laugavelli á þriðjudögum og fimmtudögum frá 19:00-20:30. Þjálfari er Jón Fr. Benónýsson

Frjálsíþróttaráð H.S.Þ.

24.tbl.
19. júní
2014
21. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



4. Landsmót UMFÍ 50+ Íþrótt- og heilsuhátíð!

Húsavík 20.-22. júní 2014

Verið velkomin á setningu mótsins á Hafnarsvæðinu á Húsavík næstkomandi föstudagskvöld kl. 20⁰⁰.



Norðurþing



Þingeyjarsveit